

BÓKMENNTIR – LISTIR

BÓKMENNTIR – LISTIR

BÓKMENNTIR – LISTIR

Myndlist á Listahátíð 1970

Það er gaman að vera til þessa dagana í höfuðborg Íslands. Nú hefur hún Reykjavík tekið mikl um stakkaskiptum um sinn og brugðið sér í spariklæðin, ef svo mætti að orði kveða. Hver stórviðburður rekur annan í öllum listgreinum, og ótrúlega mikið er á ferðinni í myndlist. Það er raunverulega svo mikið um að vera, að það þarf þó nokkuð til að trúa því, að slíkt skuli vera mögulegt í landi, sem liggur eitt sér í hafi úti og hefur aðeins tvö hundruð þúsund íbúa. Hér sjáum við með öðrum orðum, hvað hægt er að gera, ef vilji og skilningur eru fyrir hendi, þegar listin á í hlut. Ég er ekki í neinum vafa um, að margur á eftir að gleðjast ótrúlega af þessum atburðum, og lærdómsríkir verða þeir þeim, er listir stunda. Hér er á ferð heljar átak, sem verður okkur til heiðurs í sögu þjóðarinnar. Atburðir, sem allir mega vera stoltir af og allir verða að notfæra sér eins og mögulegt er. Listahátíð stendur yfir aðeins í tíu daga og að henni lokinni, verður aftur rólegt í Reykjavík.

Ég leyfi mér að skora á alla þá, sem vettlingi geta valdið, að láta nú ekki þessar merku sýningar á myndlist fram hjá sér fara, og því miður er tíminn heldur naumur fyrir meltingu á öllu því, sem á boðstólum er. En nú má enginn draga það á langinn að njóta listarinnar, því að allt er þetta gert til að gleðja og mennta gesti Listahátíðar.

LISTASAFN ÍSLANDS

Á Listasafni Íslands er mjög falleg sýning á verkum tíu málara á tuttugustu öld. Þar eru margir okkar kunnustu málara á ferð, eins og eftirtöld nöfn bera með sér: Jóhannes Sveinsson Kjarval, Ásgrímur Jónsson, Jón Stefánsson, Þórarinn B. Þorláksson, Jón Þorleifsson, Snorri Arinbjarnar, Gunnlaugur Blöndal, Jón Engilberts, Nina Tryggvadóttir og Gunnlaugur Scheving.

Sýning þessi er ágætlega valin og hún nýtur sín vel í húsnæði Listasafnsins. Hér er ekki um yfirlitssýningu að ræða, en fyrst og fremst gefin sem heilleg ust mynd af þeim málurum, sem verk eru sýnd eftir. Ekki eru öll þessi listaverk í eigu safnsins, og eru það sérstaklega myndir Gunnlaugs Schevings, sem ekki hafa

áður komið fyrir sjónir almennings. Þar kemur líka sú hlið á Scheving í ljós, sem ég er ekki viss um, að allir hafi gert sér grein fyrir. Þetta eru ljómandi verk, og er mikill fengur í að fá að sjá þau á Listahátíð.

Það er óþarft að vera langorður um aðra listamenn á þessari sýningu. Þeir eru allir þekktir og dádír, en hver og einn hefur sinn sérstaka svip, og allir eru þeir mjög ólíkir í list sinni. Ég hafði mikla og óblandaða ánægju af að skoða þessa sýningu, og þarna kemur ýmislegt í ljós, sem ekki blasir við manni í venjulegri upp hengingu á Listasafni Íslands.

BOGASALUR

Í Bogasal Þjóðminjasafnsins er sérlega skemmtileg sýning á verk

görðum af myndlist fyrri alda en af rituðu máli. Manni bókstaflega hlýnar um hjartaræturnar, þegar maður sér verk þessara listamanna og gerir sér aðstæður þeirra ljósar. Sumir þeirra nutu lítills háttar tilsagnar í myndlist erlendis, aðrir ekki, en það varð þeim hjartans mál að skapa myndlist og skreyta smíðsgripina. Gátu þeir þá oftlega komið því við í kirkjulist, einkum ef gerð var altaríafla.

Á þessari sýningu eru nokkrar altaríaflur, sem eru miklir dýr gripir og eiga erindi til okkar nú. Ég tek hér eitt dæmi, sem ég vil sérstaklega benda fólki á: Það er altaríafla frá Reykjum í Tungusveit frá 1682. Einn dýrlegur gripur, gerður af dómkirkju

sýningu. Verk Jóns Gunnars Árnasonar ölli mér vonbrigðum. Flugan hans Magnúsar Tómassonar er skemmtilega stór í sniðum, en ekki eins sannfærandi og litlu flugurnar, er hann sýndi fyrir nokkru. Magnús Á. Árnason hefur gert mynd af Sigurði Guðnasyni í epoxy kvarts. Ragnar Kjartansson sýnir fiskimenn, sem eru skemmtilega realistískir.

Það mætti minnst á marga fleiri á þessari sýningu, en hvað heildarblæ snertir, er ég ekki frá því, að sams konar sýning á sama stað hafi verið öllu veigameiri á síðastliðnu ári. En það er skemmtilegt að skoða þessi verk, og það er eins og ég hef áður sagt mikill fjörkippur í þessari list-




Prófessor dr. Daniel Jacobson, eftir Edvard Munch.

röðum listamanna í veröldinni, svo að með sanni má segja, að hér hafi orðið hvalreki á fjörur okkar við Faxaflóa.

Það er líka merkilegt að sjá þessa nútímasýningu á grafík á sama tíma og hin stórmerka sýning á verkum Edvards Munch stendur yfir hinum megin við Skólavörðuholtið. Yfir þessari brezkú sýningu er einkennilega ferskur blær og að sama skapi öruggur. Hinn margfrægi myndhöggvari Henry Moore er elztur þátttakenda, og nú mætti spyrja: Hefði honum Ásmundi okkar Sveinssyni nokkurn tímann dott ið það í hug, er hann byggði þetta hús, að Henry Moore ætti eftir að sækja það heim? Þetta er skemmtilegt og ánægjulegt atvik.

Hér sjáum við fjölda aðferða við grafíska myndgerð, og þessir listamenn eru flestir málara öðrum þræði, tveir eru þó myndhöggvarar og einn listamaður hefur helgað sig grafíklist eingöngu, en það er Michael Rotenstein og er hann af mörgum talinn einn fremsti grafíkmaður í heimi.

Ég gæti talið öll þessi átján nöfn upp og hælt hverju fyrir sig. En ég er hræddur um, að það yrði nokkuð mikill langhundur, því verður að fara fljótt yfir



Málverk eftir Gunnlaug Scheving

um tólf listamanna frá fyrri öldum. Þar getur að líta verk eftir listþyrsta menn. Þar eru á ferð menn, sem við mjög slæm skilyrði skópu svo heiðarlega hluti, að við megum vel af þeim læra, nútímafólkið. Þegar þessi sýning er skoðuð, kemur það glögg fram, að myndlist hefur verið okkar þjóð í blóð borin ekki síður en hið skrifafað orð. En þannig hefur það einhvern veginn ætízt til, að meira hefur farið for-

smið Brynjólfs biskups Sveinssonar, Guðmundi Guðmundssyni.

Þarna eru einnig verk eftir málara séra Hjalta Þorsteinssonar í Vatnsfirði, ágætir hlutir. Arngrímur Gíslason er og verður einn þeirra manna, sem ég hef ánægju af. Sama er að segja um Sæmund Hólman, Helga Sigurðsson og Sigurð Guðmundsson. Þannig mætti lengi telja, en ég læt þetta nægja að sinni. Sjón er sögu ríkari, og þessar tvær sýningar, sem eru í sama húsi, eru bæði skemmtilegar og menntandi fyrir þá, sem vilja fá nasasjón af myndlist okkar Íslendinga. Hafi allir hlutaðeigendur þakkir fyrir að hafa komið þess um sýningum í gagn, meðan á Listahátíð 1970 stendur í Reykjavík.

ÚTISÝNING Á SKÓLAVÖRÐUHOLTI

Fyrir utan Ásmundarsal á Skólavörðuholti er útisýning á höggmyndum. Þar kennir margra grasa. 20 listamenn eiga þar höggmyndir, og eru þessi skúlptúrverk unnin í fjölmörg efni, allt frá steini og niður í heilheiti-braud. Það hefur vakið eftirtekt, hver fjörkippur hefur komið í þessa listgrein á Íslandi nú seinustu árin, og hér sjáum við bæði margt það nýstárlegasta og það klassískasta, sem gert er hér á landi á þessu sviði. Þegar ég nefndi klassik, er það auðvitað hið stórmerka verk „Grettir“ e. Sigurjón Ólafsson, sem ég á við. Sigurjón ber höfuð og herðar yfir aðra á þessari sýningu, enda engin furða, því að það má lengi og víða leita að jafningja hans í myndhöggi.

Einar Hákonarson og Snorri Sveinn Friðriksson eiga báðir eftirtektarverð verk á þessari



Hluti úr altaríafla frá Reykjum í Tungusveit.

Listahátíð í Reykjavík:

Clara Pontoppidan í Norræna húsinu

DANSKA leikkonan Clara Pontoppidan er ábyggilega með kærkomnari gestum á Listahátíð. Hún skemmtir í Norræna húsinu á þriðjudag ásamt pianóleikaranum Johannes Kjaer. Dagskráin var ákaflega dönsk, innileg og hlý.

Clara Pontoppidan er nú aldin að árum, rödd hennar viðkvæm, en þó furðu styrk. Með aðstoð undirleikara síns veitti hún áheyrendum hlutdeild í fagaðri list. Það er ekki auðvelt að gleyma hljóðláttri túlkun hennar, sem vitnaði um ást á viðfangsefninu. Ljóð, sem eignast slíkan liðsmann sem hana, fyrnast ekki í bráð. Kaj Munk hefur ekki verið talinn í hópi meiri háttar ljóðskálda, en ættjarðarljóð hans hljómaði með einkar geðfelldum hætti af vörum Clöru Pontoppidan. Sama er að segja um annað efni, sem leikkonan flutti; hún lyfti því til flugs án áreynslu.

Íslendingar, sem eru óvanir

því að skáldskapur sé fluttur af tilfinningu og list í senn, hljóta að öfunda þjóð eins og til að mynda Dani, sem eiga fjölmennan hóp ágættra lesara. En þegar okkur hefur lært, að aðalatriðið er ekki að hafa hátt eða væla líkt og í nauðum, er kannski einhvers að vænta. Annars gefst gott tækifæri til að kynnst flutningi íslenskra leikara á föstudaginn þegar Þorþ Jóns úr Vör verður lesið í Iðno.

Hvernig á að lesa ljóð? Við því fæst ekkert algilt svar, en margt ber að varast til að skáldskapur sé ekki afskræmdur eins og við kynnumst því miður alltof oft, m.a. í Ríkisútvarpinu.

Þeir, sem hlýddu á hinn góða fulltrúa danskrar menningar, Clöru Pontoppidan, fengu staðfestingu á því hvernig leikari á að umgangast bókmenntir. Vonandi er Clara ekki aðeins vitnisburður um tíð, sem er liðin, eða á förum.

Jóhann Hjálmarsson.

BÓKMENNTIR – LISTIR

BÓKMENNTIR – LISTIR

BÓKMENNTIR – LISTIR

sögu. En í sýningarskrá er grein argóður formáli, sem raunverulega segir allt, sem segja þarf um þessa listamenn, enda hefur einn af þekktustu listfræðingum Breta skrifað það lesmál.

Það er gömul skoðun hér á Íslandi, að Bretar séu manna fhaldsamastir, og getur verið að um nokkurn sannleik sé þar að ræða. En eitt er víst, að í listum eru þeir eins frjálslyndir og þeir eru fastir á forna siði á ýmsum öðrum sviðum. Það hefur gerzt kraftaverk í listum á Bretlandi síðustu tuttugu ár, og nú er svo komið að þeir standa gráir fyrir járnnum í fremstu víg línu þess sem eitt sinn var nefnt á franskrí tungu avant-garde.

Um leið, og ég hvet fólk eindregið til að koma í heimsókn í Ásmundarsal þessa stundina, langar mig til að ljúka þessum línum með því að vitna til þess, er Edward Lucie-Smith segir í niðurlagi formálans í sýningarskrá:

Það er trú mín, að með þeirri þróun, sem á sér stað í dag í iðnþróðu löndunum, eigi grafíklist eftir að verða snar þáttur í lífi okkar. Málverk, fyrirferðamikil, þung og dýr munu smátt og smátt lenda á listasöfnum, og grafík koma á veggjum okkar í staðinn. Grafíkmyndin er óháttileg og hressandi einföld. Hún birtir okkur meginþættina í hæfi leiknum listamannsins, hina beinu staðhæfingu. Og um leið mun hið gamla séreignarsjónarmið um frummyndina hverfa. Þannig er mér innan brjóstis frammi fyrir hinum nýja áhuga á grafík og grafíkmyndgerð. Í slíku hugar-



Grettir, eftir Sigurjón Ólafsson.

raunverulega norska menningu, sem ekki hefur haft kynni af verkum Edwards Munch.

ÍSLENZK NÚTÍMALJÓÐLIST Á MIKLATÚNI

Nú er sá dagur upp runninn, að opnuð hefur verið fyrsta sýning í hinu nýja myndlistarhúsi á Miklatúni. Þessi glæsilega bygging er hvergi fullgerð enn sem komið er, en vonandi verður það

Að sjálfsgöðu eru ekki allir listamenn með á þessari sýningu, en samt hefur verið kappkostað að gefa sem fjölbreyttasta mynd af málverkinu á Íslandi nú. Það var einnig reynt að sýna ekki verk neins listamanns á tveimur stöðum, þ.e.a.s. að forðast endurteknar, og það hefur tekizt, nema hvað tveir málara, sem sýna á Miklatúni, sýna einnig sem myndhöggvarar á Skólavörðuholti.

Af þeim, sem verk eiga á þess

ari sýningu, hafa einir fjórir ekki sýnt verk sín áður, og af þeim hópi má sérstaklega benda á eftirtektarverð verk eftir Jón P. Kristjánsson og Karen Valgerði Ek. Af eldri málurum á þessari sýningu eru það Þorvaldur Skúlason, Jóhann Briem og Svavar Guðnason, sem mestan styrk gefa þessari sýningu.



Sigurður Sigurðsson á þarna tvö landslagsmálverk, sem eru með því bezta, er ég hef séð eftir hann. Vilhjálmur Bergsson vekur einnig athygli með verkum sínum. Eiríkur Smith á þarna mun merkilegri verk en á sýningu fyrir ári síðan. Hringur Jóhannesson og Ágúst Petersen verka heldur daufir. Guðmunda Andrésdóttir er heldur ekki eins kraftmikil og oft áður. Leifur Breiðfjörð sýnir mjög þokkaleg verk og eitt málverk eftir Mattheu Jónsdóttur stendur sig með þryði. Jóhannes Jóhannesson er hressilegur og á þarna fallegan vegg. Bragi Ásgeirsson er nokkuð sérstæður, en mjög persónulegur. Sveinn Björns son hefur ekki áður sýnt eins samstæð verk.

Eins og allir sjá, er þetta lesa, stikla ég á stóru, og hef ég tekið hér upp sama sið og víða tíðkast erlendis, þar sem margar sýningar eru í gangi á sama tíma, þ.e.a.s. reynt að vera eins fáorður og hægt er, bæði til að geta spannað breitt svið og hlíft lesendum. Þessi aðferð er ekki notuð nema þar sem allt logar í sýningum, ef svo mætti segja, en það er nú einmitt það, sem er að gerast þessa daga í Reykjavík.

Listahátíð í Reykjavík 1970 hefur tekizt mæta vel að mínum dómi, hvað myndlist snertir. Verk munu vera til sýnis í Reykjavík

eftir nær því hundrað myndlistarmenn, innlenda og erlenda. Slíkt hefur ekki komið fyrir áður hér í borg, og vonandi er þetta aðeins byrjun. Þetta sagði ég um sýningu Emils Nolde, svo kom Munch nokkrum dögum seinna og allir hinir. Strengjum þess heit að endurtaka Listahátíð að tveim árum liðnum, ef nokkur möguleiki er á því. Ég endá þetta skrif með því að óska öllum Íslendingum til hamingju með að eyða einu sinni fjármunum í list, en ekki bara í niðurgreiðslur og nefndarstörf.

Valtýr Pétursson.



Myndir eftir Bragi Ásgeirsson.

Ávarp til Austfirðinga

– vegna stofnunar samtaka um náttúruvernd

NÁTTÚRUVERND hefur verið mjög á dagskrá víða um lönd að undanfönnu, og árið 1970 er helgað náttúruverndarmálum í aðildarríkjum Evrópuáðsins, þar sem Ísland er aðili.

Með náttúruvernd er stefnt að skynsamlegum samskiptum mannsins við umhverfið, svo að það haldist lífvænlegt og náttúrulegum verðmætum sé ekki spillt og sóað að óþörfu. Þannig miðar náttúruvernd að viðhaldi lífrænni auðlinda með skipulegri og höflegri nýtnu þeirra. Náttúruvernd er andstaða hvers konar rányrkju, en þar með er ekki dreginn í efa réttur mannsins til að hagnýta sér gæði lands og sjávar, svo fremi það leiði ekki til vananlegrar röskunar á æskilegu jafnvægi í náttúrunni. Með náttúruvernd skal unnið gegn þarflausum spjöllum á umhverfinu og að varðveislu lífrænni og ólífrænni náttúru-fyrirbæra, sem haft geta gildi í nútíð og framtíð.

Víða um lönd er nú var fyrir dyrum vegna óbilgjarnar umgengni mannsins við náttúruna. Mengun af ýmsu tagi ógnar lífríki á láði og í legi og þar með manninum sjálfum. Þessi þróun er óhagstæðust hjá þeim þjóðum, sem við þéttbýli búa og lengst eru á veg komnar í tæknivæðingu. Í mörgum löndum er nú brugðið hart við til að mæta þessum mikla vanda.

Aðstaða okkar Íslendinga er um margt sérstæð á þessu sviði sem öðrum. Áður fyrr háði þjóðin harða og stranga baráttu fyrir tilveru sinni, og gekk þá mjög á landsgæðin. Enn hefur þeirri öflugþróun ekki að fullu verið snúið við, og nýjar hættur eru í uppsiglingu með breyttum atvinnu- og lífsháttum þjóðarinnar. Enn á sér stað mikil gróðuræyðing víða um land, og fiskstofnir víðs í landið eru í hættu sökum

ofveiði. Við margar verklegar framkvæmdir eru að óþörfu og í gáleysi framín óbætanleg náttúruspjöll, og umgengni manna í byggð og óbyggð er mjög ábótavart.

Á öðrum sviðum er staða okkar mun betri en hjá flestum nágrannarþjóðum. Mengun er hér tiltölulega lítil enn sem komið er ítt snortinn af mannavöldum, ef gróðuræyðingin er undanskilin. Þessa jákvæðu þætti þurfum við að notfæra okkur og læra af dapurni reynslu annarra þjóða.

Náttúruvernd genist ekki af sjálfu sér eða með lagasetningu einni saman. Til að tryggja framgang náttúruverndarsjónarmiða þurfa allir, sem skilning og áhuga hafa á náttúruvernd, að leggja málstaðinum lið. Því höfum við, sem að ávarpi þessu stöndum, ákveðið að vinna að stofnun samtaka áhugamanna um náttúruvernd í Austfirðinga-fjórðungi. Heitum við á alla þá, sem leggja vilja náttúruvernd í fjórðungnum lið, að ganga í samtökin hið fyrsta, en formlegur stofnfundur þeirra verður haldinn síðsumars. Þeir sem óska eftir innngöngu í samtökin geta látið skrá sig hjá einhverjum úr undirbúningsnefndinni, sem undirritar þetta ávarp. Auk beinmar aðildar einstaklinga að samtökunum, óskum við eftir því, að félög, klúbbar, fyrirtæki og stofnanir verði styrktaraðilar samtakanna.

Samtökin munu vinna að náttúruvernd á breiðum grundvelli í samræmi við lög um náttúruvernd og í samvinnu við alla þá aðila, innan og utan fjórðungs, sem láta sig náttúruvernd varða.


Þessi náttúruverndarsamtök munu meðal annars beita sér fyrir eftirfarandi:

a) Fræðslu um náttúruvernd meðal almennings

- b) heimildasöfnun um náttúrufræðisleg efni innan fjórðungsins
- c) rannsóknir á tilteknum svæðum
- d) tillögugerð í náttúruverndunarmálum
- e) bættari aðstöðu fyrir almenning til að fræðast og ferðast um landið án þess að valda spjöllum.

Við heitum hér með á Austfirðinga að veita þessum náttúruverndarsamtökum brautargengi þegar frá upphafi. Við væntum þess, að áhugafólk um náttúruvernd láti hið fyrsta skrá sig inn í samtökin. Við mælumst til þess við félög, klúbba, stofnanir og fyrirtæki, að þau gerist styrktaraðilar samtakanna. Tryggjum þannig, að myndarlega verði staðið að náttúruvernd á Austurlandi í framtíðinni.

Hallormsstað, 14. júní 1970.
Í undirbúningsnefnd: Séra Sigmar Torfason, Skeggjastöðum, Bakkaflói; Viglundur Pálsson, bóndi, Refsstað, Vopnafirði; Ingvar Ingvarsson, bóndi, Desjar-mýri, Borgarfirði; Sigurður Blöndal, skógarvörður, Hallormsstað; Erling Garðar Jónsson, rafveitustjóri, Egilsstöðum; Oddur Ragnarsson, skrifstofumaður, Seyðisfirði; Hjörleifur Guttormsson, kenntari, Neskaupstað; Hilmar Bjarnason, skipstjóri, Eskifirði; Sigfús Kristjánsson, bifreiðarstjóri, Reyðarfirði; Jón Erlingur Guðmundsson, sveitarsjóri, Fáskrúðsfirði; Petra Sveinsdóttir, húsmóðir, Stöðvarfirði; Sigurður Helgadóttir, húsmóðir, Staðarborg, Breiðdal; Séra Trausti Pétursson, prófastur, Djúpavogi; Egill Benediktsson, bóndi, frá Þórisdal, Lóni; Sigurður Hjaltason, sveitarstjóri, Höfn, Hornafirði; Hálfán Björnsson, bóndi, Kvískerjum, Örafum.



Mynd eftir David Hockney

ástandi er það eðlilegt, að ég hrifist af hinni fjölbættu sköpun grafíkmynda, sem margir þekktustu listamenn Breta fást við, og ég vona, að aðrir geri það einnig. Þessi sýning á því sérstakt erindi til unga fólksins, ekki síður en þess fullorðna. Stórkostleg og merkileg sýning, sem allir verða að njóta.

EDVARD MUNCH Í IÐNSKÓLANUM

Þessari merkilegu sýningu verður sérstaklega getið hér í blaðinu, en mig langar til að vekja aðeins athygli á þeirri staðreynd, að hér er um einstakt tækifæri að ræða til að kynnst verkum þessa mikla meistara frændþjóðar okkar, Norðmanna. Ég efast um, hvort hægt er að koma eins góðri sýningu á grafík saman og hér ber raun vitni. Svo stórkostleg er þessi sýning, að slík kemur ekki aftur til Íslands á okkar dögum, því að hér eru dýrgripir, sem fara verður sérstaklega varlega með. Það má því ekki fara á mis við þessa sýningu, og ég vona, að fólk geri sér það ljóst, að enginn þekkir

á næsta ári. Þarna munu Íslendingar eignast glæsilega menningarstöð, sem vonandi á eftir að verða lyftistöng fyrir íslenska list og glæða þekkingu og áhuga allra landsmanna fyrir myndlist.

Heildarsvipur þessarar fyrstu sýningar innan veggja þessa fram tíðarhúss er fjórlegur, og það er ferskur blær yfir flestum þeim verkum, sem valin hafa verið til sýningar, enda ekkert verkanna eldra en fimm ára. Hér er að finna fjölda stílategunda, og er það skiljanlegt, þar sem valið var með það fyrir augum að sýna, hvað væri verið að gera í myndlist hérlandis eins og stendur. Það eru 36 listamenn, sem hér eiga hlut að máli, og samanlagt eru 101 verk á sýningunni. Auðvitað er hér misjafn saður í mörgu fé, en samt hefur tekizt furðu vel að koma jafn ólíkum verkum, og hér um ræðir í eina heild og sýna á þann hátt þá breidd, sem er í íslenskri nútímalist. En þetta hugtak spannar hér yfir allt það, sem gert er í myndlist og álitið er, að hafi einhverja þýðingu.